



Vopnafjarðarhreppur



## UMHVERFISSKÝRSLA

MED BREYTINGU Á

AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARÐARHREPPS 2006-2026



dags. 22. ágúst 2011

uppfært 5. október 2011

## EFNISYFIRLIT

1	Samantekt .....	4
2	Inngangur.....	6
3	Tengsl við aðrar áætlanir .....	7
4	Grunnástand.....	8
4.1	Staðhættir .....	8
4.2	Gróðurfar og fuglalíf .....	8
4.3	Núverandi vegur .....	9
4.4	Ásýnd lands.....	10
4.5	Fornleifar .....	10
5	Umhverfismat.....	11
5.1	Aðferð og framsetning .....	11
5.2	Umhverfispættir og áhrif .....	11
5.2.1	Gróðurfar .....	12
5.2.2	Fuglalíf.....	13
5.2.3	Umferðaröryggi .....	14
5.2.4	Ásýnd lands .....	14
5.2.5	Fornleifar.....	14
6	Umhverfismat áætlunar, valkostir.....	15
6.1.1	Valkostur 1 .....	15
6.1.2	Núllkostur.....	15
7	Niðurstaða umhverfismats.....	16
8	Kynning og samráð .....	17
9	Vöktunaráætlun .....	17
10	Umsagnir .....	17
11	Greinargerð skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr 105/2006 .....	18
	Heimildaskrá .....	19
	Athugasemdir, svör og umsagnir .....	20
	Samþykkt og staðfesting .....	27



## 1 SAMANTEKT

Umhverfisskýrsla þessi fylgir *Breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, Norðausturvegur – Breytt lega og ný tenging við þéttbýlið á Vopnafirði*, dags. 22. ágúst 2011.

Skipulagsbreytingin og umhverfisskýrsla þessi eru unnin af Teikn á lofti -ráðgjöf og hönnun, Halldóri Jóhannssyni og Lilju Filippusdóttur landslagsarkitektum.

Fyrirhuguð framkvæmd á skipulagi þessu fellur undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Hefur hún verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar (*Norðausturvegur, breytt lega og ný tenging við þéttbýlið í Vopnafirði. Kynning framkvæmda vegna könnunar á matsskyldu, dags 01.10.2010*) sem úrskurðaði þann 04.11.2010 að breytt lega og ný tenging Norðausturvegar við þéttbýlið í Vopnafirði væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar var lagt mat á möguleg áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþætti sem lagðir voru til grundvallar, þ.e.: gróðurfar, fuglalíf, umferðaröryggi, ásýnd lands og fornleifar. Við matið var hverjum umhverfisþætti gefin einkunn vegna hugsanlegra áhrifa, þ.e. jákvæð áhrif (+), neikvæð áhrif (-), ekki teljandi áhrif (o) og óljós áhrif (?). Byggir umhverfisskýrsla þessi á því mati.

Ljóst er að votlendi mun raskast við framkvæmdina en mótvægisáðgerðir gera ráð fyrir að jafnmikið landsvæði verði endurheimt aðliggjandi rasksvæðinu (sjá kafla 5.2.1. Gróðurfar).

Niðurstaða matsins er sú að fyrirhuguð framkvæmd er ekki talin hafa teljandi áhrif á umhverfisþættina fuglalíf, ásýnd lands og fornleifar. Áhrif á gróðurfar er neikvæð á meðan á framkvæmdartíma stendur en mun ekki verða teljandi þegar endurheimt votlendis hefur átt sér stað. Jákvæð áhrif eru talin verða á umhverfisþáttinn umferðaröryggi.

Fornleifar á áhrifasvæði aðalskipulagsbreytingarinnar voru rannsakaðar af fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar að beiðni Vegagerðarinnar 8.-10. nóvember 2010. Engar eldri minjar fundust undir þeim minjum sem greinilegar voru á yfirborði. Verði hinsvegar komið niður á slíkar minjar við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins.

Niðurstaða Umhverfisskýrslu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps er samhljóma niðurstöðu Vegagerðarinnar og fornleifafraeðinga að neikvæð áhrif séu óveruleg til framtíðar en jákvæð áhrif á samfélag.



## 2 INNGANGUR

Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fylgir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 dags. 11. apríl 2011. Um er að ræða breytingu vegna tilfærslu á veglínu fyrirhugaðs Norðausturvegar og breyttrar tengingar við þéttbýlið í Vopnafirði.

Í 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir að framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka laga skuli háðar mati á umhverfisáhrifum þegar þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Breyting skipulagsáætlunar þessarar felur í sér framkvæmd sem fellur undir 10. lið, c, þ.e. tengibrautir í þéttbýli og er því tilkynningarskyld.

Fyrirhuguð framkvæmd var tilkynnt af Vegagerðinni til Skipulagsstofnunar þann 01.10.2010. Skipulagsstofnun úrskurðaði þann 4.11.2010 að breytt lega og ný tenging Norðausturvegar við þéttbýlið á Vopnafirði væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Þar sem framkvæmd er ekki umhverfismatsskyld fellur hún undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og unnin var umhverfisskýrsla þessi.



Veglína merkt með gulu er veglína á gildandi aðalskipulagi en gert er ráð fyrir að hún falli út og veglína hliðrist til og breytist eins og rauða línan sýnir.



### 3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Gildandi Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 var staðfest af umhverfisráðherra 21.10.2008. Þar er veglína Norðausturvegar skilgreind á uppdrætti auk nýrrar vegtengingar við þéttbýlið í Vopnafirði. Í greinargerð aðalskipulagsins er bent á að leitast sé eftir að aðgreina íbúðarsvæði betur frá athafnasvæðum til að auka umferðaröryggi. Í Umhverfisskýrslu Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 var lagt mat á áhrif stefnumiða fyrir nýja stofnbraut í þéttbýlinu:

*Tillaga aðalskipulagsins um færslu aðkomu inn í þéttbýlið norður og austur fyrir bæinn og þá tilkomu nýrrar stofnbrautar frá austurenda byggðarinnar að núverandi stofnbraut mun hafa teljandi jákvæð áhrif á samfélagsþætti, byggð og efnisleg verðmæti. Ef til heildaráhrifa er litið mun ný stofnbraut einnig að hafa jákvæð áhrif á umhverfisþætti varðandi heilsu og vellíðan. Umhverfisáhrif á náttúrufar innan bæjarmarka eru ekki teljandi. Með tilkomu nýrrar stofnbrautar í gegnum m.a. hafnarsvæðið eykst umferðaröryggi til muna þar sem stærri bílar þurfa ekki að aka um Hamrahlíð og losna einnig við tvær vinkilbeygjur sem geta verið varasamar. Þá mun aðgengi batna til muna að hafnarsvæðinu. Helstu neikvæðu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin vera áhrif vegna útblástursmengunar og hávaða á þeim svæðum sem stofnbrautin liggur um, en að sama skapi mun draga úr sömu neikvæðu áhrifum á því svæði sem stofnbrautin liggur um í dag. Einnig mun öryggi gangandi vegfarenda aukast verulega, sérstaklega til og frá leikskólanum og grunnskólanum. Hávaðamengun núverandi vegstæðis vegna brattrar gatna og krappra beygja er allt að því óviðunandi. Það má með góðri hönnun og gróðri draga að miklu leyti úr neikvæðum umhverfisáhrifum nýrrar stofnbrautar og verða því umhverfisáhrif stefnumiða á heilsu og vellíðan að teljast hæð því hvernig stefna aðalskipulagsins verður nánar útfærð í deiliskipulagi og/eða framkvæmdum.*

*Við áætlað nýja veglínunni innkeyrslu í Vopnafjarðarkaupstað fundust þó nokkrar minjar og tóftir. Þær eru allar taldar vera frá 20.öld og teljast því ekki til fornleifa. Ekki er þó útilokað að einhverjar kunni að standa á grunni eldri minja. Niðurstaða fornleifarannsóknar er að ef ekki sé unnt að færa veglínunni skuli leita leyfis hjá Fornleifavernd ríkisins um að minjarnar verði fjarlægðar eða huldar eftir skilyrðum sem Fornleifavernd mun setja.*

*Þær hættulegu umferðaraðstæður sem eru á stofnbrautinni í gegnum þéttbýlið í dag eru vissulega flöskuháls fyrir flutninga stærri eininga s.s. sumarbústaða á milli landshluta, og hafa því neikvæð áhrif á þróun og uppbyggingu á svæðinu við óbreytta landnotkun. Einnig er umferðaröryggi til hafnarsvæðisins ábótavant en með nýrri tengingu væri hægt að losna við þungaflutninga að mestu í gegnum miðkjarna þéttbýlisins.*

*Umhverfismat skipulagsáætlunarinnar gefur því til kynna óveruleg, en jákvæð umhverfisáhrif nýrrar stofnbrautar í þéttbýli.*

Ekki þarf að gera neinar breytingar á deiliskipulögum vegna breytingar þessarar.

## 4 GRUNNÁSTAND

### 4.1 Staðhættir

Framkvæmdasvæðið er vestan og norðan við þéttbýlið í Vopnafirði. Fram í Vopnafjörð skagar mjór tangi, Kolbeinstangi, og stendur þéttbýlið á honum austanverðum. Skógalón aðgreinir tangann að vestanverðu en Vopnafjörður að austanverðu. Þrjú dalir, Hofsárdalur, Vesturárdalur og Selárdalur, ganga inn af fjarðarbotninum.

Norðausturvegur frá Hringveginum að Vopnafirði hefur fram að þessu legið um Vopnafjarðarheiði og neðri hluta Hofsárdals. Nú er unnið að lagningu nýs Norðausturvegar, um Vesturárdal til þéttbýlisins á Vopnafirði, í samræmi við gildandi aðalskipulag. Miðað er við að vegurinn, að svæðinu sem breyting þessi tekur til, verði tilbúinn haustið 2011. (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010)

### 4.2 Gróðurfar og fuglalíf

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið rannsókn á gróðurfari og fuglalífi á svæðinu í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Norðausturvegar til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls - Vopnafjörður. Þar kemur fram að stórir votlendiskaflar eru norðan við þéttbýlið í Vopnafirði þar sem bæði eru mýrar og flóar á töluverðum kafla. Þar eru ýmsar algengar mýrarplöntutegundir svo sem mýrastör, hrafnastör, tjarnastör, elfting og hálmgresi. Á svæðinu fundust ekki sjaldgæf gróðurlendi, en verðmæti votlendis er töluvert. Engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista fundust.

Ekki er að finna sjaldgæfa fugla né fugla á valista á svæðinu. (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010)




Mynd 1 Horft til suðvestur yfir votlendið sem veglína B mun liggja um, við vegamót veglínu A og B (Vegagerðin)



### 4.3 Núverandi vegur

Þar sem núverandi Norðausturvegur liggur í gegnum þéttbýlið, fylgir hann Kolbeinsgötu, Hamrahlíð og Búðaröxl. Hann liggur í gegnum miðbæinn, er með kröppum beygjum og miklum bratta og liggur framhjá íbúðarhúsum. Að jafnaði aka 4-6 flutningabílar um þennan krókotta veg til og frá Vopnafjarðarhöfn daglega með tilheyrandi slysaþættu og hávaða. Við lagningu Norðausturvegar um Vesturárdal, breytist aðkoma vegfarenda að Vopnafirði. Stærsti hluti umferðarinnar mun koma að bænum frá norðri og vestri (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010). Minni umferð en áður verður þá um Hamrahlíð og Búðaröxl og mun öll þungaumferð að og frá höfninni fara um Hafnarbyggð. Vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Finnfirði og olíuleitar á Drekasvæði má gera ráð fyrir stórauðinni umferð tengdri hafnarsvæðinu á Vopnafirði.



Mynd 2 Núverandi Norðausturvegur og aðkoma inn í þéttbýlið er sýndur með gulu. Vesturárdalsvegur er merktur með appelsínugulu.

#### 4.4 Ásýnd lands

Landslagið í nágrenni framkvæmdasvæðisins er fjölbreytt að lögun og flokkast sem samsett landslag skv. skilgreiningu í leiðbeiningarriti um námur, efnistöku og frágang. Landslagið á framkvæmdasvæðinu er menningarlandslag og ber sterk einkenni af nálægð við þéttbýlið. Á svæðinu eru slóðar, vegir og skurðir (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010).



Mynd 3 Útsýni í átt að Norðausturvegi, Skógalóni og Nýpslóni frá stöð 900 á veglinu A (Vegagerðin)

#### 4.5 Fornleifar

Skráðar hafa verið fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Næst þéttbýlinu í Vopnafirði eru margar og þéttar fornleifar. Notast var við fyrirliggjandi upplýsingar við staðsetningu nýrrar veglinu og leitast við að forðast að leggja veginn yfir þekktar fornleifar.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eru 16 fornleifar í minna en 100 m fjarlægð frá miðlinu vegar. 6 þessara fornleifa eru í 16-87 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Íshús er í einungis 1,5 m fjarlægð en því mun ekki verða raskað.

## 5 UMHVERFISMAT

Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á eftirfarandi þáttum:

- viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu
- greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti á framkvæmdasvæði
- umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings sem liggja fyrir

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Stuðst er einnig við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu og um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.

### 5.1 Aðferð og framsetning

Umhverfismat þetta er unnið á þann hátt að unnar eru svokallaðar venstatöflur þar sem skilgreindir eru umhverfisþættir sem taldir eru verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Möguleg áhrif eru skilgreind og þeim gefin einkunn skv. neðangreindri töflu.

+	stefna skipulagsins hefur <b>jákvæð áhrif</b> á viðkomandi umhverfisþátt
o	stefna skipulagsins <b>hefur ekki teljandi áhrif</b> á viðkomandi umhverfisþátt
-	stefna skipulagsins hefur <b>neikvæð áhrif</b> á viðkomandi umhverfisþátt
?	stefna skipulagsins hefur <b>óljós áhrif</b> á viðkomandi umhverfisþátt

Til að veða á móti þeim neikvæðu áhrifum sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á umhverfisþætti getur komið til svokallaðra mótvægisáðgerða þar sem því má koma við. Hér verða lagðar fram tillögur að mótvægisáðgerðum eftir að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda hafa verið metin.

### 5.2 Umhverfisþættir og áhrif

Eftirtaldir umhverfisþættir eru taldir verða fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd:

Umhverfisþættir sem verða metnir		Skýring
Vistkerfi votlendis	Gróðurfar	Vegna legu nýrrar veglínu
	Fuglalíf	Vegna þess gróðursvæðis sem verður fyrir skerðingu

Samfélag	Umferðaröryggi	Vegna nýrrar veglínu og nýrrar aðkomu inn í þéttbýlið á Vopnafirði
Landslag	Ásýnd lands	Vegna skeringar veglínu á landslagi
Náttúru- og menningarminjar	Fornleifar	Vegna fornleifa sem er að finna á svæðinu

Ofangreindir þættir liggja fyrir vegna áhrifa sem þeir eru taldir verða fyrir af völdum fyrirhugaðra framkvæmda. Við mat á áhrifum var stuðst við mat Náttúrustofu Austurlands á áhrif á náttúruvar og dýralíf og Byggðasafns Skagfirðinga á fornleifaskráningu. Einnig var skýrsla Vegagerðar um kynningu á framkvæmd notuð við matið. Gerð hefur verið grein fyrir hverjum þætti fyrir sig hér að neðan.

### 5.2.1 Gróðurfar

Framkvæmdin mun raska votlendi sem er stærra en 3 ha, en það nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Votlendu hefur þegar verið raskað að hluta með slóðagerð og framræsluskurðum. Nýjar veglínur liggja um votlendi á um 1,2 km löngum kafla og áætlað er að um 2,1 ha af votlendi fari undir veg. Votlendið er að mestu samhangandi en stærsti hluti þess er í lægð ofan á Kolbeinstanga. Víðast er þetta deiglendi en á nokkrum stöðum eru flóar og þar stendur vatn uppi milli þúfna.

Votlendið sem raskast vegna framkvæmdarinnar er að mestu flóamýri/dalabotnamýri, aðeins um 100 m liggja um hallamýri. Samkvæmt útreikningum Vegagerðarinnar geta því um 9,7 ha af votlendi raskast vegna vegarins. (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010)

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á gróður. Við frágang verða svæði sem raskast meðfram vegi grædd upp og votlendi endurheimt.

Eftirfarandi viðmið voru lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum á gróðurfar:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur
- Listi yfir friðlýstar plöntur
- Sjaldgæfar plöntur og sérstæði á landsvísu
- Náttúruverndarlög nr. 44/1999

### Tillaga að mótvægisáðgerð

Vegagerðin mun hafa samráð við Vopnafjarðarhrepp um endurheimt votlendis. Mögulegt er að fylla í skurði í Hestamýrum, sem eru á og við framkvæmdasvæðið og endurheimta þannig votlendi. Einnig verður Íshústjörnin sunnan kirkjugarðsins endurheimt, en þar er nú votlendi en ekki tjörn, með lokun fráveituskurða og með því að veita affallsvatni úr skeringum ofan vegar í tjörnina. Samkvæmt mælingum Vegagerðarinnar er mögulegt að endurheimta um 9,0 ha votlendis í Hestamýrum og 0,3 ha í Íshústjörn. Mögulegt svæði til endurheimtar votlendis í nánasta umhverfi framkvæmdasvæðisins er samtals um 9,3 ha.





Mynd 4 Möguleg endurheimt votlendis í og við fyrirhugað framkvæmdasvæði (Kort: Vegagerðin; Loftmynd: Loftmynd ehf.)

### 5.2.2 Fuglalíf

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum standur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg. Með endurheimt á votlendi verður búsvæði fugla ekki skert til lengri tíma.

Eftirfarandi viðmið voru lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum á fuglalíf:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr

### 5.2.3 Umferðaröryggi

Á meðan á framkvæmd stendur mun umferð vinnuvéla um svæðið hafa áhrif á umferðaröryggi vegfarenda. Þau áhrif eru tímabundin og að loknum framkvæmdum verður umferðaröryggi aukið frá núverandi stöðu. Nýir vegir eru hannaðir til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur.

Minni umferð en áður verður um Hamrahlíð og Búðaröxl og mun öll þungaumferð að og frá höfninni fara um Hafnarbyggð. Umferðaröryggi mun því aukast í þéttbýlinu þar sem þungaumferð verður beint utan íbúðarsvæða. Umferðartenging til norðurs í Langanesbyggð og að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Finnafirði verður einnig mun öruggari og greiðfærari.

### 5.2.4 Ásýnd lands

Að loknum framkvæmdum verða nýir vegir ekki áberandi í landslaginu. Landslagið á framkvæmdasvæðinu hefur þó breyst. Gengið verður þannig frá vegstæði að vegurinn falli vel að landi og á kafla verður núverandi vegur að námu á Kolbeinstanga jafnaður út og sáð í hann. Gert er ráð fyrir að röskuð svæði verði fljót að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa nokkuð fljótt. (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010)

Aðalaðkoma að bænum verður mun fallegri en aðkoman „ofanfrá“. Komið verður að bænum inn á götuna Hafnarbyggð frá norðri, þar sem er fallett útsýni upp í bæinn (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010).

### 5.2.5 Fornleifar

Vegna fyrirhugaðrar vegagerðar leitaði Vegagerðin til Fornleifadeildar Bygðasafns Skagfirðinga árið 2005 til að skrá fornleifar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Alls voru 10 minjar athugaðar nánar. Er um að ræða fornminjar ofan kirkjugarðs yst í þéttbýlinu, garðlag og aðrar tóftaleifar. Rannsókn fór fram dagana 8.-10. nóvember 2010 og voru alls 8 könnunarskurðir grafnir á svæðinu. Samantekt fornleifaskýrslu gerir rannsókninni nánari skil:

*Alls voru skoðaðar 10 minjar sem Fornleifavernd ríkisins taldi nauðsynlegt að rannsakaðar yrðu frekar áður en farið yrði í lagningu vegtengingar inn í bæinn. Gróður hafði verið hreinsaður af minjunum og voru þær gleggri en þegar fornleifar höfðu verið skráðar þar 2005. Garðlag sem afmarkar tún upp við kletta er líklega 20. aldar hleðsla undir girðingu og sama má segja um rétt í norðaustur horni hennar. Innan girðingar eru líkindi tveggja tófta en ekki fundust eiginlegir veggir í könnunarskurðum. Vera kann að tóftirnar hafi verið sléttar út þegar túnið var sléttað. Leifar matjurtagarðs eru sunnarlega í túninu en veggir hans virðast hafa verið myndaðir úr uppmokuðum jarðvegi fremur en að hafa verið hlaðnir. Kofatóft sem skráð var 2005 reyndust ekki vera minjar. Ekki er hægt að fullyrða að tóftirnar tvær sem virðast hafa verið sléttar hafi verið eldri en aðrar minjar í og við túnið. Hinsvegar eru þær nánast algerlega horfnar og ekki fundust leifar eldri minja undir þeim. Sama má segja um illa farnar leifar fjárhúss efst og vestast í túninu. Heimildamenn töldu þó að húsið hefði verið í notkun á 20. öld. Garðlagið sem umlykur túnið og matjurtagarðurinn eru líklega frá 20. öld, og hefur túnið líklega verið girt af meðan að ábúandi í Götu stundaði þar búskap. Fjárhústóft syðst í túni er frá sama tíma. Íshústóft er það langt utan væntanlegrar vegagerðar að hún var ekki rannsökuð frekar. Brunnur innan túnsins var mældur upp en engar frekari rannsóknir gerðar á honum. Hann hefur líklega verið í notkun á sama tíma og fjárhúsin syðst í túni.*

*Ekki var hægt að ákvarða nákvæmlega aldur minjanna sem rannsakaðar voru. Þær eru allar frá því eftir 1477 og eru líklega flestar frá 20. aldar búskap í kaupúninu. Minjarnar sjálfar eru mikilvægur vitnisburður um lífnaðarhætti á mótunartíma*



*Þéttbýlisins en teljast vart fornleifar eftir laganna hljóðan* (Guðný Zoëga, 2011).

Í útboðsgögnum Vegagerðarinnar vegna framkvæmdanna sem skipulagsbreytingin tekur til verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðis. Þá verður væntanlegum verktaka gert að merkja þær fornminjar sem liggja innan 100 m frá veglínunni með veifum eða girða af með litaborðum áður en framkvæmdir hefjast (Helga Aðalgeirsdóttir o.fl., 2010).

Eftirfarandi viðmið voru lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum á fornleifar:

- Þjóðminjalög nr. 107/2001

## 6 UMHVERFISMAT ÁÆTLUNAR, VALKOSTIR

### 6.1.1 Valkostur 1

Í umhverfisskýrslu þessari hefur verið fjallað um einn valkost þ.e. breytta legu veglínu Norðausturvegar frá þeirri veglínu sem skilgreind er í gildandi Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026.

Vegagerðin og Vopnafjarðarhreppur unnu í samráði að hönnun vegtengingar frá Vesturárdalsvegi inni þéttbýlið á Vopnafirði í samræmi við gildandi aðalskipulag. Við nánari skoðun og mælingar tæknimanna Vegagerðarinnar kom fram að nokkrir ágallar væru á gildandi línu vegna veghalla og sjónlína. Einnig hafa grunnforsendur breyst þannig að mikilvægi tengingar til norðurs vegna fyrirhugaðs athafnasvæðis í Finnafirði eru taldar meiri en voru. Skoðaðir voru og bornir saman ýmsir möguleikar á breyttri útfærslu út frá umhverfis-, landslags-, fornleifa- og umferðaröryggissjónarmiðum. Línan sem lögð er til grundvallar skipulagsbreytingunni er talin samræma best öll sjónarmið framangreind og vera betri kostur en veglínan í gildandi aðalskipulagi, samanber einnig tilkynning Vegagerðarinnar frá 01.10.2010.

### 6.1.2 Núllkostur

Núllkostur felur í sér að gengið verði út frá veglínu í gildandi aðalskipulagi. Við nákvæmari hönnun á veglínunni kom í ljós að hæðarlega í landi, sjónlínur og radíusbogar hennar fullnægja ekki fyllilega stöðlum Vegagerðarinnar. Einnig leiddi vinnan í ljós að vegtenging til norðurs yrði brattari en staðlar gera ráð fyrir.

Samanburðar á valkosti 1 og núllkosti leiðir í ljós að minna rask verður á votlendi við framkvæmd valkostar 1. Auk þess mun gróðurreitir á Kolbeinstanga varðveitast sem annars hefði lent undir vegstæði núllkostar. Veglína í valkosti 1 uppfyllir betur kröfur Vegagerðarinnar til veghalla og sjónlína og er því betri kostur út frá öryggissjónarmiði.

Valkostur 1 er því talinn mun betri kostur með tilliti til áhrifa á samfélag og áhrifa á vistkerfi og votlendi.

## 7 NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS

Í skýrslu þessari eru skoðuð þau áhrif sem fyrirhuguð framkvæmd getur haft á valda umhverfisþætti, þ.e.: gróðurfar, fuglalíf, umferðaröryggi, ásýnd lands og fornleifar.

Aðalskipulagsbreytingin sem umhverfisskýrsla þessi fylgir er talin hafa jákvæð áhrif á gróðurfar og umferðaröryggi miðað við staðfest skipulag.

Að neðan er tafla þar sem tekin hafa verið saman áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á einstaka umhverfisþætti að teknu tilliti til viðmiða, einkenna áhrifa og mótvægisáðgerða.

Umhverfisþættir		Einkunn	Tillaga að mótvægisáðgerð
Vistkerfi votlendis	Gróðurfar	- / o	Vegagerðin mun endurheimta votlendi sem nemur þeirri röskun sem fyrirhuguð framkvæmd mun valda í nánasta umhverfi framkvæmdasvæðisins.
	Fuglalíf	o	
Samfélag	Umferðaröryggi	+	
Landslag	Ásýnd lands	o	
Náttúru- og menningarminjar	Fornleifar	o	Veglínu hefur verið hnikað framhjá helstu fornleifum þar sem því hefur verið komið við.  Rannsókn hefur verið gerð á staðnum af fornleifafræðingum. Engar eldri minjar fundust undir þeim minjum sem greinilegar voru á yfirborði. Fornleifar verði merktar áður en til framkvæmda kemur. Verði komið niður á eldri minjar við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins

Í töflunni kemur fram að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á umhverfisþættina fuglalíf, ásýnd lands og fornleifar eru ekki teljandi. Til mun koma endurheimt votlendis þar sem búsvæði fugla mun endurheimtast samhliða. Áhrifin eru þó ekki teljandi á meðan á framkvæmdatíma stendur. Ásýnd lands einkennist nú þegar af skurðum og slóðum. Ný veglína er ekki talin hafa teljandi áhrif þar sem vegkantar verða græddir upp. Tekið var tillit til fornleifa við val á nýrri veglínu og munu fornleifar verða merktar á meðan á framkvæmd stendur til að forðast rask af gáleysi.

Fyrirhuguð framkvæmd er talin hafa neikvæð áhrif á gróðurfar vegna þeirrar röskunar sem verður á votlendi. Til mótvægis mun votlendi verða endurheimt á tveimur aðliggjandi svæðum, þ.e. á gömlum framræstum túnnum á sk. Hestamýrum og með endurheimt Íshústjarnar. Áhrifin teljast því neikvæð á meðan á framkvæmd stendur en munu ekki verða teljandi eftir að votlendi hefur verið endurheimt og rasksvæði grædd.

Jákvæð áhrif eru talin verða á umhverfisþættinum umferðaröryggi með bættir aðkomu inn í

Þéttbýlið í Vopnafirði. Að auki mun umferðarþungi innan þéttbýlisins minnka vegna betri tengingar Vesturárdalsleiðar við hafnarsvæðið. Umferð í gegnum þéttbýlið um Hofsárdal og Hellisheiði verður einnig greiðari og öruggari.

Auk breytinga á veglínu er afmörkun íbúðasvæðis nyrst í kaupúninu og göngu- og reiðleiðir aðlagðar að breyttri veglínu. Umhverfisáhrif af þeim breytingum eru talin óveruleg og sambærileg og í gildandi aðalskipulagi.

## 8 KYNNING OG SAMRÁÐ

Samráð var haft við eftirtalda aðila:

- **Vopnafjarðarhrepp, skipulagsnefnd og sveitarstjórn**
- **Skipulagsstofnun**, varðandi matsskyldu framkvæmdarinnar
- **Umhverfisstofnun**, um efnistöku og frágang á svæðinu og endurheimt votlendis
- **Minjavörð Austurlands**, varðandi fornleifar á og í nágrenni framkvæmdasvæðisins
- **Vegagerðina**, vegna útfærslu veglínu

## 9 VÖKTUNARÁÆTLUN

Þar sem skipulagsáætlun er ekki talin líkleg til að hafa veruleg umhverfisáhrif er ekki gerð sérstök vöktunaráætlun til vöktunar umhverfisáhrifa.

## 10 UMSAGNIR

Umsagna var leitað til:

- Vegagerðarinnar
- Umhverfisstofnun
- Minjavörðar Austurlands

## 11 GREINARGERÐ skv. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana nr 105/2006

Umhverfissjónarmið áætlunar liggja fyrir í umhverfisskýrslu þessari. Þar kemur fram að líklega verði neikvæðra áhrifa að gæta á umhverfisþáttinn gróðurfar vegna nýrrar veglínu. Á umsagnartíma barst ein athugasemd. Röskun votlendis var meðal áhyggjuefna og gerir sveitarstjórn sér grein fyrir þeirri röskun sem ný veglína hefur í för með sér. Í umhverfisskýrslunni kemur einnig fram að unnið verði að endurheimt votlendis sem mótvægisáðgerð sem sveitarstjórn telur nauðsynlegan þátt við framkvæmd áætlunarinnar. Í umhverfisskýrslu er fjallað um annan valkost, þ.e. framfylgd gildandi áætlunar, og er sá kostur talinn síðri útfrá öryggissjónarmiðum Vegagerðarinnar.

Öryggissjónarmið spila stóran þátt við mótun áætlaðrar veglínu þar sem veghalli og beygjur ráða ferð. Hringtorg mun stýra umferð ýmist inn í þéttbýlið eða áfram eftir aðalvegi og draga þannig úr hraða inn í þéttbýlið.

Í nýrri áætlun aðlagast óbyggt íbúðarsvæði að nýrri veglínu og var áhyggjum lýst yfir nálægð byggðar við veglínu í athugasemd. Skipulagið gerir ráð fyrir „grænum kruga“ meðfram íbúðarbyggð sem tekinn er frá fyrir hljóðmanir. Gert er ráð fyrir að við deiliskipulagningu hverfisins verði tekið á hljóðvist þess.

Niðurstaðan er sú að samþykkt breyting muni þjóna íbúum byggðalagsins vel með öruggari veglínu. Votlendi verði endurheimt og stefnt er að vandaðri endurgerð votlendis sem og Íshústjarnar, sem er bæði söguleg fyrir byggðarlagið og staðarprýði við nýja innkomu í þéttbýlið.

## HEIMILDASKRÁ

Helga Aðalgeirsdóttir og Gunnar H. Jóhannsson (2010). *Norðausturvegur – breytt lega og ný tenging við þéttbýlið í Vopnafirði*. Vegagerðin, Akureyri.

Vopnafjarðarhreppur (2008). *Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026*. Teikn á lofti, Akureyri.

Vopnafjarðarhreppur (2008). *Umhverfisskýrsla Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026*. Teikn á lofti, Akureyri.

Guðný Zoëga (2011). *Fornleifarannsókn í Vopnafjarðarkauptúni - Vegna Norðausturvegar*. Fornleifadeild Byggingasafns Skagfirðinga, Sauðárkrókur.

## ATHUGASEMDIR, SVÖR OG UMSAGNIR

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 var auglýst þann 27. maí 2011 til 8. júlí 2011. Ein athugasemd barst frá Tryggva Aðalbjörnssyni, Svövu Birnu Stefánsdóttur og Karin Bach, dags 06. júlí 2011. Svar við athugasemd var samþykkt á byggingarnefndarfundum þann 22. ágúst 2011 og á hreppsnefndarfundum þann 25. ágúst 2011.

Athugasemdinni er skipt í fjóra liði.

### Athugasemd:

1. Stórum hluta vegarins verður beint inn á votlendi þar sem fyrirfinnst fjölskrúðugt lífríki, þrátt fyrir að mikil þurr svæði sé að finna allt um kring.

### Svar:

Skipulagsnefnd gerir sér grein fyrir að votlendi er mikilvægt búsvæði margra dýra- og gróðurtegunda og því skal ekki raska að óþörfu.

Tillaga að legu nýrrar veglínu er vandlega ákvörðuð í nánu samráði við veghönnuði Vegagerðarinnar og stjórnast hún af þáttum á borð við umferðaröryggi og mat og verndun á umhverfispáttum samanber tilkynning vegna umhverfismats dags. 01.10.2010 og umhverfisskýrslu breytingar þessarar.

Gert er ráð fyrir að það votlendi sem raskast verði endurheimt á aðliggjandi svæðum, gömlu mýrlendi sem hefur verið framræst á fyrri tímum. Skipulagsnefnd telur að þær mótvægisáðgerðir sem aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir séu fullnægjandi og bendir í því sambandi á að í umsögn Umhverfisstofnunar við breytingu þessa dags 11.07.2011. Þar kemur fram að UST telji áætlanir skipulagsins um endurheimt votlendis á aðliggjandi svæðum samræmist stefnu stjórnvalda og séu því fullnægjandi.

### Athugasemd:

2. Veglína B mun liggja miklu nær íbúðabyggð en núgildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir; með meðfylgjandi ónæði fyrir íbúa í ystu og efstu byggðum kaupsinsins.

### Svar:

Skipulagsnefnd þakkar ábendingu um hljóðvist. Skipulagsnefnd bendir á að breytingin er unnin í samráði við og samkvæmt tillögu veghönnunarsérfræðinga Vegagerðarinnar. Nefndin telur ekki að breytingin sé svo umfangsmikil að um verulega aukin neikvæð áhrif verði að ræða en mun fylgja því eftir að við nákvæma útfærslu vegarins verði gætt sérstaklega að hljóðvist m.a. með tilliti til mörkunar umferðarhraða.

Við vinnslu deiliskipulags af framtíðar byggingarlandi Vopnafjarðar verði samhliða unnin hljóðgreining til að lágmarka neikvæð áhrif vegarins á byggð og íbúa.

### Athugasemd:

3. Hringtorg við kirkjugarð hefur verið tekið út af skipulagi; því má gera ráð fyrir hraðari umferð framhjá kirkjugarðinum og um leið enn meiri hávaðamengun fyrir íbúa yst á Fagrahjalla og frekara raski á friðhelgi kirkjugarðsins en annars hefði orðið.



**Svar:**

Skipulagsnefnd bendir á að í skipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir hringtorgi við gatnamót Norðausturvegar og að vegurinn þaðan að kirkjugarði er ráðgerður með 50 km hraðatakmarkun. Með þessari aðgerð er talið að neikvæð áhrif vegna umferðarhraða og hávaða verði mun minni en í núverandi skipulagi, við kirkjugarð og á Fagrahjalla. Vegna framangreinds er ekki talið þörf á hringtorgi við kirkjugarðinn. Auk þess leiddi frumhönnun í ljós að vegna væntanlegrar hæðarlegu vegarins og hliðarhalla hans mun hringtorg verða líklegt til að rýra ásýnd að kirkjugarði og Íshústjörnninni sem mun verða endurheimt samhliða framkvæmdum við veginn. Aðkoma og umgjörð hvoru tveggja verði samhliða bætt.

**Athugasemd:**

4. Ekki er tiltekið í fyrirliggjandi gögnum að gert sér ráð fyrir hraðahindrunum þar sem nýr vegur tengist Hafnarbyggð þó að tillagan geri ráð fyrir brattri og nokkuð beinni aðkomu inn í þéttbýlið; aðkoman verður óöruggari fyrir vikið, bæði fyrir íbúa Hafnarbyggðar og vegfarendur í götunni.

**Svar:**

Skipulagsnefnd bendir á að í skipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir hringtorgi við gatnamót Norðausturvegar og að vegurinn þaðan að Hafnarbyggð er ráðgerður með 50 km hraðatakmarkun. Vegurinn er hannaður samkvæmt stöðlum Vegagerðarinnar sem hámarka langhalla vegar við 8%. Ekki er talið þörf á frekari hraðatakmarkandi útfærslum að mati Vegagerðarinnar.

Skipulagsnefnd er sammála því að komi í ljós þörf fyrir frekari takmarkun umferðarhraða á vegkaflanum verði því mætt með hraðatakmarkandi aðgerðum s.s. umferðareftirliti og/eða hraðahindrun. Rétt kann að vera að hraðahindrun verði sett upp strax og samþykkir nefndin að beina því til Vegagerðarinnar að við endanlega hönnun innkomu í sveitarfélagið verði þetta atriði sérstaklega skoðað.

Teikn á lofti  
Lilja Filippusdóttir  
Skipagötu 12  
600 Akureyri



Reykjavík, 11. júlí 2011  
Tilvísun: UST20110500260/vgh

**Efni: Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.  
Norðausturvegur – breytt lega og ný tenging við þéttbýlið í Vopnafirði.**

Með vísan í bréf Lilju Filippusdóttur f.h. sveitastjóra Vopnafjarðarhrepps, dags. 27. maí s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.

Í breytingunni felst ný veglína Norðausturvegar inn í þéttbýlið, þar sem eldri tillaga stóðst ekki staðla Vegagerðarinnar, en jafnframt er tekið mið af fyrirhugaðri uppbyggingu við iðnaðar-, hafnar- og athafnasvæðis í Finnafirði. Ný lega hliðrast til austurs. Gatnamót Norðausturvegar og tengingar við þéttbýlið breytast. Hringtorg verður á gatnamótunum vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar í Finnafirði. Hringtorg neðan kirkjugarðs hefur verið fellt út. Tenging er frá nýjum vegi inná núverandi veg til norðurs að áningarstað sem þar er. Núverandi vegur verður jafnframt gönguleið og tenging inná núverandi veg út á Kolbeinstanga. Afmörkun íbúðarsvæðis breytist samhliða og göngu- og reiðleiðir aðlagast. Við lagningu Norðausturvegar um Vesturárdal, breytist aðkoma vegfarenda að Vopnafirði, stærstur hluti umferðar mun koma að bænum frá norðri og vestri en minni umferð verður um Hamrahlíð og Búðaröxl. Öll þungaumferð að og frá höfninni fer um Hafnarbyggð. Vegna uppbyggingar í Finnafirði og olíuleitar á Drekasvæði má gera ráð fyrir stóraukinni umferð um hafnarsvæðið.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en 04.11.2010 var úrskurðað að breytt lega og ný tenging Norðausturvegar við þéttbýlið í Vopnafirði væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar var lagt mat á umhverfisþættina gróðurfar, fuglalíf og umferðaröryggi. Með breytingunni verða minni áhrif á umhverfisþáttinn gróðurfar og umferðaröryggi eykst. Um 9,7 ha af votlendi munu raskast en allt umfram 3 ha nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Votlendinu hefur þegar verið raskað með slóðagerð og framræsluskurðum. Í mótvægisáðgerðum felst að endurheimt verður jafnmikið votlendi, aðliggjandi rasksvæðinu með því að fylla í skurði í Hestamýrum




sem eru aðliggjand framkvæmdasvæði. Ekki eru talin teljandi áhrif á umhverfisþættina fuglalíf, ásýnd lands og fornleifa þó verða tímabundin áhrif á fuglalíf á framkvæmdatíma. Áhrif á gróðurfar eru neikvæð á framkvæmdatíma en en ekki eftir endurheimt votlendis. Talið er að nýjir vegir verða ekki áberandi í landslaginu. Niðurstaða Umhverfisskýrslu er samhljóma niðurstöðu Vegagerðarinnar, að neikvæð áhrif séu óveruleg til framtíðar. Á svæðinu fundust ekki sjaldgæf gróðurlendi og engar friðlýstar tegundir á válista.


#### Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun bendir á að votlendi er töluvert á framkvæmdasvæðinu og mikil verðmæti í því fölgín. Allt votlendi umfram 3 ha nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Stefna stjórnvalda samkvæmt Velferð til framtíðar er að forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi og unnið verði þess í stað að frekari endurheimt votlendis. Umhverfisstofnun telur að þær mótvægisáðgerðir sem fyrirhugaðar eru með endurheimt votlendis á aðliggjandi svæði samræmist stefnu stjórnvalda.

Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að núverandi veglína, sem nýta á sem gönguleið þegar nýr vegur hefur tekið við, er ca. 7 m breiður og því umfangsmeiri en eðlilegt getur talist og mælir stofnunin með því að vegurinn verði mjókkaður í hefðbundna göngustíga breidd og þannig miðað við framtíðarþotkun. Stofnunin telur að umfang og not skuli haldast í hendur.

Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps.

Virðingarfyllst  
  
Hjalti J Guðmundsson  
Sviðsstjóri

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

Skipulagsstofnun  
Vopnafjarðarhreppur







Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631  
Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)  
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 23. september 2011  
Tilvísun: Fvr 2011090012 IKM

**Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026.  
Norðausturvegur – breytt lega og ný tenging við þéttbýlið í Vopnafirði.**

Óskað hefur verið eftir umsögn Fornleifaverndar ríkisins um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 vegna breyttrar legu Norðausturvegar og nýrrar tengingar við þéttbýlið í Vopnafirði.

Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu með skipulagstillögunni voru fornleifar skráðar árið 2005 vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. Í október 2010 barst Fornleifavernd ríkisins beiðni frá Skipulagsstofnun um umsögn um matsskyldum breyttrar veltengingar Norðausturvegar við þéttbýlið í Vopnafirði. Sú breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps, sem hér er til umfjöllunar, lýtur að sömu framkvæmd. Í ljós kom að 16 fornleifar eru í innan við 100 m fjarlægð frá miðlinu fyrirhugaðs vegar. Fornleifavernd ríkisins taldi að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum enda yrðu grafnir könnunarskurðir í níu fornleifar sem taldar voru í mestri hættu vegna vegagerðarinnar. Byggðasafn Skagfirðinga var fengið til að framkvæma rannsóknina. Skýrsla með niðurstöðum fornleifarannsóknarinnar kom út fyrr á þessu ári: *Fornleifarannsókn í Vopnafjarðarkauptúni. Vegna Norðausturvegar*. Í kafla 5.2.5 í umhverfisskýrslu er birtur samantektarkafli úr skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga. Eins og þar kemur fram er talið líklegast að fornleifarnar tengist 20. aldar búskap í kaupúninu.


Í 7. kafla umhverfisskýrslu segir m.a.: *Veglínu hefur verið hnikað framhjá helstu fornleifum þar sem því hefur verið komið við. Rannsókn hefur verið gerð á staðnum af fornleifafræðingum. Engar eldri minjar fundust undir þeim minjum sem greinilegar voru á yfirborði. Fornleifar verði merktar áður en til framkvæmda kemur. Verði komið niður á eldri minjar við framkvæmdir ber að stöðva þær og tilkynna fundinn Fornleifavernd ríkisins.* Fornleifavernd ríkisins tekur undir það að merkja þær fornleifar greinilega sem hægt er að komast hjá raski á á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að þær raskist af vanga. Þá er vakin athygli á því að sækja þarf um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska fornleifum,

sbr. 10. gr. Þjóðminjalaga (Nr. 107/2001).

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki frekari athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 vegna breyttrar legu Norðausturvegar og nýrrar tengingar við þéttbýlið í Vopnafirði eins og breytingin var kynnt fyrir stofnuninni með skipulagsuppdrætti og umhverfisskýrslu dags 11. apríl 2011. Bent skal á að í 10. gr. Þjóðminjalaga stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og á 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnaði þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllt,

f.h. Fornleifaverndar ríkisins



Kristinn Magnússon

Deildarstjóri

Afrit sent: Teikn-ráðgjöf og hönnun og Skipulagsstofnun.



## SAMÞYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi sem samþykkt var í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann 25. ágúst 2011 hefur hlotið málsmeðferð skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

---

Sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

Aðalskipulagsbreyting þessi var afgreidd af Skipulagsstofnun til staðfestingar þann \_\_\_\_\_2011.

---

Breytingin er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem falla undir ákvæði laga nr. 105/2000 m.s.br.